

92. fundur

Boðað er til fundar í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 17. apríl kl. 17:00, í fundarherbergi bæjarstjóra.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Emil Þ. Guðbjörnsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Deiliskipulagstillaga lögð fram af íbúðabyggð við Tjarnarmýri. Tillagan var í auglýsingu 1. mars til 12. apríl s.l. Athugasemdarlisti móttekin 11.04.'07, barst frá eftirtöldum undirrituðum: Lárusi Péturssyni, Hafdís Knudsen, Ernu B. Guðmundsdóttur, Guðþóri Sverrissyni, Elínu G. Sigurðardóttur, Halldóru Jónsdóttur, Steinþóri V. Þorvarðarsyni, Gunnlaugi Kristjánsyni, Maríu Guðmundsdóttur, Ingibjörgu Gústafsdóttur, Lillian Kristjánsdóttur, Sigurði Haukssyni, Ingveldi Sigurðardóttur, Erlu Gísladóttur, Baldri Guðlaugssyni, Hrafnhildi Hallvarðsdóttur, Sumarliða Ásgeirssyni, Ernu Guðbrandsdóttur, Ómari Erni Gunnarssyni, Gunnlaugi Lárussyni, Hönnu Þórey Ágústsdóttur, Elísabetu Sigtryggisdóttur, Erlu Lárusdóttur, Fríðu Hrund Kristinsdóttur, Steinari A. Ragnarssyni, Guðnýju Jensdóttur, Þórdísi Ingu Guðmundsdóttur, Gerði Gunnarsdóttur og Steinari Jónssyni.
Deiliskipulagstillaga dags. 23.02.'07 felld með 3 atkvæðum Emils, Guðmundar og Björgvins gegn tveimur atkvæðum Ásgeirs Gunnars og Eydísar.
2. Deiliskipulagstillaga lögð fram af lóðum á hafnarsvæði við Nesveg. Tillaga var í auglýsingu frá 1. mars til 12. apríl s.l. Athugasemdarbréf bárust frá Guðmundi Páli Ólafssyni og Ingunni K. Jakobsdóttur, Neskinn 1, dags. 12.03.'07 (Erindi bréfs er varðar skipulag er vísað til nefndar af bæjarráði) og Ellerti Kristinssyni bréf dags. 10.04.'07. Umsögn lögð fram dags. 15.04.'07. Nefndin leggur til að samþykkja deiliskipulagstillögu dags. 12.02.'07 ásamt umsögn.
3. Gunnar Már Gestsson og Eyrún María Guðmundsdóttir sækja um að byggja við húsið að Silfurgötu nr. 22, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 26.03.'07. Stærðir samtals. Þar með fellur fyrri meðferð máls úr gildi.
Nefndin samþykkir að grenndarkynna tillögu dags. 26.03.'07, fyrir Silfurgötu 20 og 24 A.

4. Fyrirspurn frá Jon Nordstein f.h. eigenda Víkurgötu 8 (Staðarfells) um að stækkun og endurbyggingu útihússins við Staðarfell samkvæmt bréfi og tillöguteikningum dags. 28. mars 2007.
Nefndin er samþykkt niðurrifi á skúr og endurbyggingu húss á einni hæð. Ekki er leyft að hafa íbúðarrými í byggingu.
5. Kristján Auðunn Berntsson sækir um að byggja við Víkurflöt 3, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K. dags. mars 2007. Stærðir 11,9 m², 41,5 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.
6. Gunnlaugur Árnason óskar eftir afmörkun á lóð Hafnargötu 9, samkvæmt bréfi dags. 17.03.'07.
Nefndin vísar erindi til afgreiðslu bæjarstjórnar ásamt umsögn frá Péttri Kristinssyni lögfræðingi.
7. Ríkharrður Hrafnkelsson f.h. golfklúbbsins Mostra óskar eftir afmörkun á landi gólfvallarins sbr. tillöguteikningu og bréf dags. 15.03.'07. Erindi vísað af bæjarráði.
Erindi frestað.
8. Tillaga að lóðarafmörkun við Hafnargötu 11 samkvæmt tillögu.
Ákveðið að grenndarkynna tillögu að lóðarmörkum fyrir Silfurgötu 1 og 3 og Hafnargötu 9 og 13.
9. Tillaga að lóðarafmörkun vatnstanks Orkuveitu Reykjavíkur við Skólastíg nr. 17.a.
Erindi frestað.
10. Tillaga að lóðarafmörkun Skólastígs nr. 12
Erindi frestað.
11. Stefán Björgvinsson f.h. Hamraafls ehf, sækir um hurðabreytingu á skemmu að Hamraendum nr. 3, skemmubili nr. 2 samkvæmt bréfi dags. 13.04.'07.
Erindi samþykkt.
12. Ásmundur Skeggjason/ Anna María Guðmundsdóttir Silfurgötu 14 sækja um að girða lóð sbr. teikningu móttækin 16.04.'07.
Erindi samþykkt.
13. Nafn á vegi við athafnasvæðis A2 samkvæmt deiliskipulagi.
Óskað er eftir tillögum frá íbúum.
14. Stykkishólmsbær leggur fram tillögu á staðsetningu upplýsingaskilta við Frúarstíg vegna framkvæmda á miðbæ.
Erindi samþykkt.

15. Hjörleifur Sigurþórsson f.h. eigenda Skólastígs nr. 12 sækir um að rífa húsið og byggja nýtt samkvæmt teikningum dags. mars '07. Stærðir: 108,1 m², 275,4m³.
Ókað er eftir umsögn frá Húsfriðunarnefnd Ríkisins um niðurrif.
16. Endurskoðun á Aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar.
Ákveðið er að halda sérstakan fund um málið.
17. Lögð fram tillaga að reglugerð um skilti í Stykkishólmsbæ.
Nefndin leggur til að reglugerð verði samþykkt.
18. Önnur mál.
 - a) Bókun.
Undirritaðir mótmælum ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar varðandi deiliskipulagstillögu við Borg.
Þar sem engin viðunandi rökstuðningur liggur að baki ákvörðunarinnar nema tillagan sjálf, sem skipulags- og byggingarnefnd vildi breyta með samhljóða tillögu.
Björgvin Ólafsson (sign), Guðmundur Kristinsson sign).

